

# Dularfulla Búðin

## Veröld sem aldrei var

Dularfulla búðin er verkefni sem hefur verið styrkt af Vinnumálastofnun og Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Um er að ræða fjöllistahús í Gufupönk stíl sem er fantasíustíll í anda Viktoríu tímabilsins.

Stofnkostnaður eða það sem þarf til að opna Dularfullu búðina með safni, veitingum og söluvöru, er um 11,5 milljónir. Við höfum náð með styrkjum og eigin framlögum 3,3 milljónum og reiknum með því að taka að láni um 5 milljónir og fá fleiri styrki og/eða viðskiptafélaga til að mæta því sem á vantar.

Dularfulla búðin verður fyrsta og eina Gufupönk miðstöð á Íslandi.

-Safn, vörur, viðburðir, leiksýningar og veitingar.

Búast má við því að á hverju ári komi um 7000 gestir í Dularfullu búðina og skilji eftir um 36.000.000 króna.

Dularfulla búðin mun standa að hátíðinni Steampunk Iceland (co/ Hið Íslenzka gufufjelag) Halloween, Öskudagsskemmtun o.fl.

Dularfulla búðin gæti verið dropinn sem fyllir mælinn, þetta litla sem þarf til að fá ferðafólk til að koma í stríðum straum til Akraness og skoða það sem við höfum uppá að bjóða.

Þjónusta á Akranesi mun njóta góðs af aukningu í flórinni, kaffi- og veitingahús ásamt gistiheimilum og annarri ferðaþjónustu.

Rekstrarkostnaður yrði 28.000.000 á ári, stofnkostnaður um 11.500.000 en á móti skapast 2-4 störf og fjöldi ávinninga fyrir samfélagið.

Þar sem ég missti af auglýsingunum um úthlutun Akraneskaupstaðar á Menningar, -íþrótt og atvinnumála fer ég þess á leit við bæjarfélagið að það styrki framkvæmd verkefnisins Dularfulla búðin um eina milljón króna til kaupa á tækjabúnaði til að nota í sýningu Dularfullu búðarinnar. Um er að ræða skjái og skjávarpa ásamt ljósum og ljósastýribúnaði.

Það er markmið Dularfullu búðarinnar að skapa það sem við köllum

"Wow-effekt" á fleiri en einni stöð innan safnsins sem í komandi leiksýningum þannig að gestir fari heim og geti ekki orða bundist við að segja frá og fá fleira fólk til að koma. Það myndi verða lykillinn að velgengni Dularfullu búðarinnar; upplifun gesta.

Í umsókn Dularfullu búðarinnar um styrk frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands var því lofað að Dularfulla búðin yrði miðstöð gufuönks á Íslandi og Akranes ein af höfuðstöðum stefnunnar á heimsvísu ásamt New-Jersey, Barcelona og Oamaru (NZ)

Með virðingu og þökk fyrir hönd,

*Dularfulla Búðin*

Dularfulla ehf

660117-1720

dularfulla.is

767-0666

Ingimar Oddsson

dularfulla@dularfulla.is

ioddsson@gmail.com